

AUGLÝSING

170

20. ágúst

um bann við veiði göngusilungs við vestari ós Héraðsvatna.

Sankvæmt heimild í lögum nr. 40 30. júní 1942, um breytingu á lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, er ádráttur fyrir göngusilung bannaður fyrir strandlengjunni frá vestari ósi Héraðsvatna að Gönguskarðsárósi. Leyfilegt skal þó að draga á fyrir sild til beitu í apríl til ágúst ár hvert að fengnu leyfi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðárkróki hverju sinni, sbr. lög nr. 94/1943.

Bann þetta gengur í gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 20. ágúst 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir raforkusjóð Dalasýslu, útgefin á 171 venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. ágúst 1952.

22. ágúst

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Raforkusjóð Dalasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Raforkusjóður Dalasýslu.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af hjónunum Ingibjörgu Jensdóttur og Halldóri Guðmundssyni, Magnússkógum í Dalasýslu, á fimmtíu ára hjúskaparafmæli þeirra, 5. ágúst 1949 með 2000 — tvö þúsund — krónum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja búendur í Dalasýslu, fyrst og fremst í Hvammsveit, til þess að hagnýta sér raforku til heimilisnota, þegar rafveita hefur verið lögð um héraðið.

4. gr.

Þessum tilgangi skal náð með því, að veita einstökum búendum, er efnalitlir eru, styrki úr sjóðnum til kaupa á hvers konar rafmagnsáhöldum og heimilislúsum, sem nauðsynlegar eru við venjulega hagnýtingu rafmagns á heimili.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Gjafir til sjóðsins svo og vexti af honum skal leggja við höfuðstólinn, þar til er sjóðurinn nemur kr. 10 000.00, en þá má úthluta allt að $\frac{1}{5}$ hlutum vaxtanna.

6. gr.

Styrkveitingar úr sjóðnum skulu fara fram eftir umsóknum, og ber sjóðstjórninni að auglýsa eftir þeim þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn það mikill, að styrki

171 megi veita samkvæmt 5. gr., enda verði raforkumálum héraðsins þá komið svo langt 22. ágúst áleiðis, sem ráð er gert fyrir í 3. gr.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sýslumaður Dalasýslu og tveir afkomendur stofnenda sjóðsins. Skulu þeir vera kosnir af styrktarmönnum hans, ef þeir óska þess, en ella vera skipaðir af sýslumanni Dalasýslu. Þó skal Halldór Guðmundsson vera sjálfkjörinn í stjórnina á meðan hans nýtur við.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagskrána, gjafir til sjóðsins, umsóknir um styrki, styrkveitingar, fundarsamþykktir og annað, sem varðar rekstur og hag sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega með reikningum sýslusjóðs Dalasýslu.

9. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í tryggjum lánsstofnunum, í bankavaxtabréfum eða á annan öruggan hátt.

10. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Magnússkógum, í desember 1949.

Halldór Guðmundsson.

172

23. ágúst

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 202 frá 1950, um skoðunargjald bifreiða og prófgjald bifreiðarstjóra.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Fyrir próf bifreiðarstjóra greiði umsækjandi kr. 100.00.

2. gr.

Reglugerðin öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, birtist hér með til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 23. ágúst 1952.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.